

Skýrsla stjórnar - Aðalfundur 2017

Á aðalfundi Kynjakatta 2016 var kosinn inn nýr varaformaður og sýningarstjóri. Kvöddum við þá fyrri stjórnarmeðlimi þær Guðbjörgu Guðmundsdóttur og Hörn Ragnarsdóttur. Við þökkum þeim innilega fyrir sín frábæru störf innan félagsins. Í þeirra stað komu inn Sunna Ingvarsdóttir sem varaformaður og Helga Karlsdóttir sem sýningarstjóri.

Stjórn Kynjakatta hefur líkt og áður unnið mörg mál netleiðis og unnum við áfram mörg mál þannig. Stjórn hittist þó og fundaði átta sinnum á síðasta tímabili.

Helstu viðburðir á þessu tímabili eru sýningarnar en við höldum ávalt 2 sýningar í einu þ.e. ein á laugardegi og önnur á sunnudegi. Haustið 2016 voru sýningarnar með öðru sýningarformi en áður en þar kepptu allir BIS kettir í öllum flokkum um titilinn Kynjaköttur sýningar sem þótti mjög spennandi, en þar sem þetta var alveg nýtt þá tók smá tíma að átta sig á hvernig þessu væri háttað en gekk samt vel. Ákvað stjórn að hafa sama form vorið 2017 þar sem þetta var frumraun og vildi stjórn fá marktækt mat á þessu formi.

Í tengslum við sýningarnar gáfu Kynjakettir út fréttablað bæði fyrir vor og haust sýningarnar og þar er að finna sýningarskrána fyrir sýningarnar. Því miður voru allnokkrar villur í síðustu sýningarskrá og biðjumst við velvirðingar á öllum þeim óþægindum sem þær orsökuðu. Stjórn mun gera sitt allra besta til að sporna við því að þetta gerist aftur.

Kynjakettir héldu einn fræðslufund um tannhirðu katta í nóvember 2016 og fengum við hana Sunnevu Eggertsdóttur dýralækni í Garðabæ til að halda fyrirlesturinn. Þrátt fyrir að fræðslufundurinn var vel auglýstur var mætingin því miður mjög dræm.

Marteinn T. Tausen fór sem fulltrúi Kynjakatta á aðalfund FIFé sem haldin var í Lisbon í maí 2016 en hann mun einnig fara aftur á þessu ári fyrir hönd félagsins.

Stjórn Kynjakatta hefur verið að fara yfir fjármál félagsins og skoða hvað mætti betur fara til að gera félagið enn sterkara, en stjórn tók einnig einróma ákvörðun um að notast ekki aftur við Reiðhöllina í Grindavík, þar sem hlutirnir voru ekki eins og þeir áttu að vera. Þurfum við því að víkka sjóndeildarhringinn enn meira og horfa í dýrari húsnæði sem henta okkar sýningum.

Gagnagrunnurinn er að sigla í höfn en hafa þau Helga Karlsdóttir og Magnús Ágúst unnið hörðum höndum í þessu stóra verkefni. Vinnan hefur þó tafðist aðeins vegna anna en þetta er allt á réttri leið og verður hann vonandi tilbúinn í haust.

Breyting verður á stjórn Kynjakatta á aðalfundi 2017 þar sem tveir meðlimir gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Guðbjörg Hermannsdóttir hefur starfað sem formaður og Kristín Holm hefur starfað sem ritari og hafa þær báðar gengt því hlutverki síðastliðin tvö ár.

Ég ætla að nýta tækifærið og þakka ykkur öllum sem leggið hönd á plóg fyrir okkar litla félag án ykkar væri ekkert af því sem við gerum mögulegt. Einnig vil ég þakka ykkur fyrir mína og kristínar hönd alla þá velild og stuðnin sem við höfum fengið frá ykkur á þeim tveimur árum sem við höfum setið í stjórnarstöðu.

Við erum bæði hrærðar og þakklátar fyrir það tækifæri að hafi fengið að láta gott af okkur leiða í okkar litla félagi.

Við óskum nýrri stjórn velgengnis og velfarnaðar.

Virðingarfyllst, Guðbjörg Hermanns, Formaður Kynjakatta